



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, föstudagur, 12. mars 2021
Tilvísun: 2021010043/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 22. febrúar 2021, þar sem stofunni var gefið tækifæri til að gefa stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um stjórnskipunarlög (kosningaaldur), 188. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa styður við lækun kosningaraldurs niður í 16 ára. Að mati stofunnar er slíkt til þess fallið að auka lýðræðislega þátttöku barna og möguleika þeirra á að hafa áhrif á samfélagið sem þau tilheyra í samræmi við ákvæði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt tekur stofan undir það sem fram kemur í frumvarpinu um mikilvægi þess að samhliða lækun kosningaaldurs verði fræðsla á sviði lýðræðis og samfélagslegrar virkni aukin ásamt því að tryggt verði að nýir kjósendur fái viðeigandi fræðslu um þátttöku í kosningum.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu